

Landsbréf hf.

REGLUR UM STJÓRN OG STARFSREGLUR STJÓRNAR

A) REGLUR UM STJÓRN

1. gr. Skipan stjórnar, skyldur og upplýsingagjöf

- 1.1 Stjórn Landsbréfa hf., hér eftir nefnt félagið, skipa fimm aðalmenn og tveir til vara, sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Meirihluti stjórnar skal vera óháður félaginu og hluthöfum þess.
 - 1.2 Stjórnarmenn skulu standast hæfiskröfur samkvæmt lögum. Þeir skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, almennum reglum verðbréfamarkaðarins og sérstökum reglum félagsins um verðbréfavíðskipti sem settar eru á grundvelli laga um verðbréfavíðskipti.
 - 1.3 Stjórnarmenn skulu leggja neðangreindar upplýsingar um persónulega hagi sína fyrir stjórn félagsins til að auðvelda mat stjórnar á óhæði þeirra sem og ef breytingar verða á högum þeirra er geta haft áhrif á það mat:
 - Nafn, fæðingardag og heimilisfang
 - Menntun, aðalstarf og starfsferill
 - Hvenær stjórnarmaður var fyrst kosinn til setu í stjórn félagsins
 - Önnur trúnaðarstörf nú, t.a.m. stjórnarseta í öðrum félögum
 - Hagsmunatengsl stjórnarmanns við helstu víðskipta- og samkeppnisaðila félagsins svo og stóra hluthafa í félaginu
- Félaginu skal vera heimilt að veita og/eða birta þessar upplýsingar opinberlega.
- 1.4 Formaður stjórnar skal stuðla að virkni í öllum störfum hennar og m.a.:
 - tryggja að nýir stjórnarmenn fái upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnarinnar, málefnum félagsins og helstu þáttum er varða stjórn þess;
 - tryggja að stjórnin fái í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að stjórnin geti sinnt störfum sínum;
 - bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins;
 - hvetja til opinna samskipta innan stjórnar svo og milli stjórnar og stjórnenda félagsins;
 - semja dagskrá stjórnarfunda, í samstarfi við framkvæmdastjóra, tryggja boðun þeirra og stjórna þeim;
 - fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn;
 - tryggja að stjórnin meti árlega störf sín, framkvæmdastjóra og undirnefnda, hafi þær verið stofnaðar og
 - taka frumkvæði að endurskoðun reglna þessara.

Formaður stjórnar getur tekið þátt í nefndum og ráðum félagsins til að tryggja virkt eftirlit með starfsemi félagsins, sbr. þó með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæði 55. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formaður, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

- 1.5 Stjórnarmenn skulu kynna sér lög, reglur og tilmæli sem um starfsemi félagsins gilda auk innri reglna Landsbréfa þeir skulu hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni svo og stjórnar. Að öðru leyti skulu stjórnarmenn:
 - taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig;
 - hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins, hvernig þeir eigi að haga störfum sínum til að stuðla að því að markmið þess náist;
 - óska eftir og kynna sér öll gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa fullan skilning á rekstri félagsins og til að taka upplýstar ákvarðanir;
 - tryggja að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt svo og að jafnan sé gætt að lögum og reglum í rekstri félagsins;
 - stuðla að góðum starfsanda innan stjórnar;
 - koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins;
 - halda trúnað um þau mál sem eru rædd og tekin til ákvörðunar á stjórnarfundum og ræða ekki málefni félagsins í fjölmiðlum nema í samráði við formann stjórnar .
- 1.6 Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, almennum reglum um hlutafélög og sérstökum reglum félagsins um meðferð trúnaðarupplýsinga.
- 1.7 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar fer að öðru leyti en greinir í reglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.
- 1.8 Stjórnarmenn geta hvenær sem er sagt starfa sínum lausum að undangenginni skriflegri tilkynningu til stjórnar félagsins.

2. gr. Verksvið og verkefni stjórnar

- 2.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Hluthafar hafa sett félaginu samþykktir sem skilgreina hlutverk félagsins og tilgang. Stjórn skal setja félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og móta stefnu þess í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- 2.2 Stjórn skal fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtæka. Hér er einkum vísað til reglna Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 2.3 Stjórn fylgist með að framkvæmdastjóri framfylgi stefnu í samræmi við hlutverk og markmið félagsins. Stjórnin skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan til þess fallið að koma stefnu félagsins í framkvæmd í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir félagsins, svo og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt jafnt.

- 2.4 Stjórn skal tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins og skal a.m.k. árlega staðfesta rekstrar- og fjárhagsáætlanir. Skal stjórn fylgjast með rekstri félagsins með hliðsjón af rekstrar- og fjárhagsáætlun, taka afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, meiri háttar ráðstafanir, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhættuþætti. Skal stjórn koma á virku og skjalfestu kerfi innra eftirlits til að sinna þessu hlutverki sínu og framkvæma með reglubundnum hætti úttekt á því kerfi í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins. Stjórn skal afla reglulega skýrslna um áhættustig verðbréfa- og fjárfestingasjóða félagsins, hvort farið hafi verið umfram takmarkanir þeirra eða hvort það sé fyrirsjáanlegt að slíkt muni gerast, til að tryggja að unnt sé að grípa skjótt til viðeigandi aðgerða. Stjórn skal fylgjast með því og tryggja eftir bestu getu að tilkynningar og upplýsingar sem félaginu ber að veita samkvæmt lögum og reglum séu réttar.
- 2.5 Stjórn skal móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins, setja áhættureglur og fylgjast með framkvæmd þeirra og gegnir því hlutverki sem mælt er fyrir um í 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Stjórn skal hafa þann aðgang að gögnum félagsins sem hún telur nauðsynleg til að framfylgja eftirlitsstörfum sínum.
- 2.6 Stjórn ræður framkvæmdastjóra að félaginu, sbr. 2.7, gengur frá starfslýsingu hans, og veitir honum lausn. Stjórnin hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjóra og fer ásamt honum með stjórn félagsins.
- 2.7 Stjórn skal ákveða starfskjör framkvæmdastjóra og gera við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Stjórn getur falið formanni að annast frágang samnings við framkvæmdastjóra fyrir hönd stjórnar.
- 2.8 Stjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi.
- 2.9 Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, jafnvel með aðstoð utanaðkomandi aðila ef þurfa þykir. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal hittst a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
- 2.10 Stjórn skal setja þeim sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem félagið annast rekstur á, reglur í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, þar sem m.a. skal kveðið á um fjárfestingarstefnu sjóðanna. Stjórnin skal fylgjast með því að fjárfestingarstefnu sjóðanna sé fylgt eftir og hvort ávöxtunarmarkmiðum þeirra sé náð.
- 2.11 Stjórn setur reglur um lántökur félagsins.
- 2.12 Stjórn skilgreinir heimildir og viðmið fyrir laust fé félagsins í áhættureglum.
- 2.13 Stjórn tekur allar ákvarðanir um kaup og sölu eignarhluta í félögum fyrir eigin reikning svo og í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Komi upp mál sem krefjast tafarlausrar úrlausnar getur framkvæmdastjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að leita til stjórnar í tíma án verulegs tjóns fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal framkvæmdastjóri tafarlaust tilkynna formanni stjórnar um afgreiðslu málsins.
- 2.14 Ákvæði 2.12 á ekki við um ákvarðanir um einstakar fjárfestingar þeirra sjóða og safna sem félagið annast rekstur á. Um þær fjárfestingar taka sjóðsstjórar félagsins ákvarðanir í

samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðanna. Framkvæmdastjóri skal gæta þess að fjárfesta ávallt innan heimilda samkvæmt 2.12. Hann skal bera undir stjórn öll viðskipti sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar.

- 2.15 Stjórn leggur tillögur um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða fyrir hluthafafund eða aðalfund félagsins.
- 2.16 Stjórn getur falið framkvæmdastjóra að gera samning við fjármálafyrirtæki um að annast vörslu eigna þeirra sjóða sem félagið annast rekstur á, í samræmi við ákvæði laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
- 2.17 Stjórn getur falið framkvæmdastjóra að gera samning við þriðja aðila um útvistun hluta þeirra verkefna sem félagið skal sinna, að því marki sem samþykktir félagsins og lög leyfa.
- 2.18 Stjórn getur falið framkvæmdastjóra að semja um afnot af húsnæði og aðstöðu fyrir starfsemi félagsins.
- 2.19 Stjórn getur að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins gert samning við móðurfélag Landsbréfa um að það sinni innri endurskoðun fyrir Landsbréf eða eftir atvikum falið það utanaðkomandi sérfræðiaðila. Ef slíkur samningur er gerður skal farið eftir Leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011, um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum .
- 2.20 Stjórn gerir samning um regluvörslu á grundvelli 7. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja

3. gr. Undirnefndir stjórnar

- 3.1 Starfsemi undirnefnda stjórnar er á forræði stjórnar sem ákveður hverjir skuli skipa undirnefndir. Stjórn skal setja undirnefndum sérstakar starfsreglur og/eða erindisbréf þar sem hlutverk undirnefnda skal skilgreint. Heimilt er að skipa í nefndirnar fólk utan stjórnar.
- 3.2 Endurskoðunarnefnd skal fjalla nánar um fjárhag félagsins og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórn fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum og kýs stjórn Landsbréfa nefndinni formann.
- 3.3 Starfskjaranefnd skal fjalla um starfskjör hjá félaginu og setja launaramma. Nefndin getur gert tillögu til stjórnar um kaupauka- og hvatakerfi fyrir starfsmenn félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins skal hafður með í ráðum í störfum nefndarinnar. Starfskjaranefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum og kýs stjórn Landsbréfa nefndinni formann.
- 3.4 Stjórn skal í heild sinni fara með hlutverk áhættunefndar sbr. grein 2.5 að fenginni undanþágu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 3.5 Heimilt er að setja á stofn fleiri undirnefndir stjórnar ef þurfa þykir, hvort sem er varanlegar nefndir eða tímabundnar.

- 3.6 Um skipan, hlutverk og skyldur undirnefnda stjórnar skal fara skv. fyrrgreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sbr. 2.2. Stjórn skal setja undirnefndum reglur þar sem kveðið skal nánar á um hlutverk þeirra og helstu verkefni.
- 3.7 Undirnefndir stjórnar skulu tryggja að stjórn fái reglulega upplýsingar um helstu störf nefndanna og a.m.k. einu sinni á ári gefa stjórn skýrslu um störf sín. Stjórn skal hafa aðgang að fundargerðum undirnefnda sinna.

4. gr. Fyrirsvar stjórnar

- 4.1 Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórn ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls.
- 4.2 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.
- 4.3 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og einungis stjórn getur veitt prókúruumboð.

5. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 5.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns er varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 5.2 Ef stjórnarmaður brýtur gegn þagnarskyldu eða rýfur að öðru leyti trúnað sem honum er sýndur, skal formaður veita honum áminningu og boða til hluthafafundar sem ákveður hvort kjósa skuli nýjan stjórnarmann, sé brot alvarlegt eða ítrekað.
- 5.3 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður.
- 5.4 Stjórnarmenn, aðrir en formaður, skulu ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

6. gr. Framkvæmdastjóri

- 6.1 Framkvæmdastjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og í þeim efnum ber honum að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í þeim málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt lögum, starfslýsingu og skv. samkomulagi við formann stjórnar. Framkvæmdastjóri getur ekki gert ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, svo sem að kaupa, selja eða veðsetja eignir félagsins, taka eignir á leigu eða segja upp leigusamningi, nema samkvæmt heimild frá stjórn. Að öðru leyti fer framkvæmdastjóri með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum félagsins eða ákvörðunum stjórnar.
- 6.2 Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að félaginu. Skal framkvæmdastjóri hafa samráð við stjórn um fjölda starfsmanna, svo og um ráðningu staðgengils síns í starfi. Yfirmanni áhættustýringar getur framkvæmdastjóri hvorki sagt upp eða flutt til í starfi án þess að fyrir liggi samþykki stjórnar.

- 6.3 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri skal koma á framfæri við endurskoðanda þeim upplýsingum og gögnum sem hafa þýðingu vegna endurskoðunar og veita endurskoðanda þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðandi telur nauðsynlega vegna starfs síns.
- 6.4 Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og skal hann bera önnur verkefni sín, sem ótengd eru félaginu, undir stjórn til umfjöllunar. Þá skal framkvæmdastjóri jafnframt láta stjórn í té slíkar upplýsingar um sig sem nefndar eru í grein 1.4.
- 6.5 Þátttaka framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins í annarri atvinnustarfsemi, þ.m.t. stjórnarþátttaka í félögum er háð samþykki stjórnar. Að öðru leyti skulu reglur félagsins um atvinnuþátttöku starfsmanna þess taka mið af þeim skilyrðum sem fram koma í 56. gr. sbr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 6.6 Framkvæmdastjóri skal a.m.k. árlega leggja rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar og upplýsa stjórn á reglulegum stjórnarfundum um rekstur félagsins með hliðsjón af þessum áætlunum.

B) STARFSREGLUR STJÓRNAR

7. gr. Boðun og efni funda, o.fl.

- 7.1 Þegar að loknum aðalfundi skal stjórnin koma saman og skipta með sér verkum. Formaður er kjörinn á aðalfundi en stjórn velur sér varaformann og skal hann óháður félaginu og hluthöfum þess. Jafnframt skal ákveðið á fyrsta fundi hver skuli rita fundargerðir stjórnar.
- 7.2 Árlega skal formaður leggja fram starfsáætlun stjórnar fyrir viðkomandi starfsár. Skal þar koma fram hvenær fundir eru áætlaðir og hvaða dagskrárliðir eru fyrirhugaðir á hverjum fundi auk fastra og óreglulegra liða í dagskrá hvers fundar.
- 7.3 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega nema í júlímánuði, eða þegar formaður ákveður. Aukafundir skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu haldnir á skrifstofu félagsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telji formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Heimilt er að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarstörfum símleiðis.
- 7.4 Á reglulegum stjórnarfundum skal taka fyrir eftirfarandi mál:
 - fundargerð síðasta fundar
 - skýrslu framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins, sbr. grein 10.1.Í lok hvers fundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti fundur skuli haldinn.
- 7.5 Formanni ber að kalla saman fund ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri eða endurskoðandi krefst þess.
- 7.6 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 7.7 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boða með góðum fyrirvara í samræmi við fundaáætlun stjórnar. Formaður stjórnar getur ávallt boðað stjórn til fundar með skömmum fyrirvara telji

hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæða. Gæta skal þess að kalla inn varamenn þannig að óháðir stjórnarmenn séu ávallt í meirihluta á stjórnarfundi.

- 7.8 Fundarboð skal að jafnaði vera í tölvupósti. Dagskrá fundar og fundargögn skulu gerð stjórnarmönnum aðgengileg sem fyrst og minnst 3 dögum fyrir fundinn í rafrænu gagnaherbergi félagsins, nema formaður ákveðið annað. Öll gögn sem liggja til grundvallar ákvörðunum á stjórnarfundi skulu aðgengileg í rafrænu gagnaherbergi félagsins og skal tryggt að allir stjórnarmenn hafi jafnan aðgang að gögnum stjórnar. Í einstökum tilfellum, eins og þegar upp koma hagsmunaárekstrar við meðferð máls, kann að verða að takmarka aðgang að gögnum sem einstök mál varða og skal þá getið um slíka aðgangstakmörkun í gerðabók stjórnar.
- 7.9 Nú telur formaður ekki stætt á því vegna sérstakra aðstæðna að bíða þess að haldinn verði stjórnarfundur og getur hann þá tekið ákvörðun um símafund stjórnar eða að málefnið verði kynnt stjórnarmönnum skriflega eða símleiðis og haldin verði atkvæðagreiðsla meðal stjórnarmanna skriflega eða símleiðis. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu lagðar fyrir næsta fund til staðfestingar og færðar til bókar.
- 7.10 Stjórn skal fjalla með reglubundnum hætti um málefni þau sem lög og reglur krefjast, s.s. innra eftirlit félagsins, reikningsskil og endurskoðun. Endurskoðendur, framkvæmdastjóri og nefndarmenn endurskoðunarnefndar félagsins skulu boðaðir á viðeigandi fundi. Þá skal boða endurskoðanda á stjórnarfund ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.
- 7.11 Stjórn skal leitast við að eiga reglulegar umræður um hvernig stjórnin hyggst haga störfum sínum, hvar áherslur skulu liggja, hvaða samskipta- og verklagsreglur skulu hafðar í heiðri og hver helstu markmiðin með starfi stjórnar eru. Sjá nánar grein 2.8.

8. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 8.1 Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við greinar 7.7 og 7.8. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka, sé þess kostur, án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið.
- 8.2 Formaður stjórnar stýrir fundum.
- 8.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 8.4 Mál skulu almennt ekki borinn upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess.
- 8.5 Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega, studd gögnum og talnaefni. Séu mál lögð fram á stjórnarfundi til kynningar getur slík kynning verið munnleg.
- 8.6 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra, en ekki annarra starfsmanna félagsins, og óska eftir því að málið verði tekið upp á stjórnarfundi.
- 8.7 Einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt eða gögn afhent telji þeir viðkomandi stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Rísi ágreiningur um ákvörðun um slíka kröfu ræður meirihluti stjórnar.

- 8.8 Fara skal með allar umræður og ákvarðanir stjórnar sem trúnaðarmál í hópi stjórnarmanna og starfsmanna og ekki skal opinberlega greina frá sjónarmiðum einstakra stjórnarmanna eða niðurstöðu í kosningu um einstök mál, nema stjórnin ákveði annað.

9. gr. Fundargerðir, varðveisla og rafrænt gagnaherbergi

- 9.1 Formaður stjórnar skal sjá til þess að rituð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 9.2 Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
- Nafn og kennitala félagsins.
 - Númer fundar.
 - Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.
 - Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á stjórnarfundum og hvenær þeir fara út af fundum.
 - Dagskrá fundarins.
 - Stutta skýrslu um umræður.
 - Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
 - Hver ritað hafi fundargerðina.
 - Gögn sem dreift er til stjórnarmanna skulu talin upp.
 - Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar víkur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar og hvort viðkomandi hafi haft aðgang að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunar.
- 9.3 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.
- 9.4 Fundargerð skal rituð af fundarritara. Hún skal að jafnaði aðgengileg stjórnarmönnum innan fimm sólarhringa frá stjórnarfundum í rafrænu gagnaherbergi stjórnar. Hafi stjórnarmenn athugasemdir við drögin skulu þeir gera fundarritara viðvart sem fyrst. Endanleg fundargerð skal síðan lögð fram í rafrænu gagnaherbergi með fundargögnum næsta stjórnarfundar. Í upphafi næsta fundar skal gera grein fyrir þeim breytingum sem hún kann að hafa tekið frá því hún varð aðgengileg stjórnarmönnum. Fundargerðin skal að lokum borin upp til samþykktar og skulu fundarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.
- 9.5 Fundargerð skal undirrituð af þeim er fund sitja. Fundargerðir teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni. Afrit af undirritaðri fundargerð skal leggja fram í rafrænu gagnaherbergi.
- 9.6 Stjórnin skal hafa aðgang að rafrænu gagnaherbergi þar sem öll skjöl er varða stjórnina, störf hennar og ákvarðanir, skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Fyllsta öryggis skal gæta varðandi aðgangsstýringar að gögnum stjórnarinnar.

10. gr. Upplýsingagjöf

- 10.1 Framkvæmdastjóri skal á hverjum stjórnarfundum gera stjórn grein fyrir starfsemi félagsins frá síðasta fundi stjórnar í stórum dráttum. Kannað hálfársuppgjör skal lagt fyrir stjórn eigi síðar en í lok ágúst ár hvert. Endurskoðuðu ársuppgjör skal lokið í apríl ár hvert.

Endurskoðendur félagsins skulu vera viðstaddir kynningu á hálf- og ársuppgjöri. Stjórn skal ákveða hversu oft framkvæmdastjóri leggur fram milliuppgjör

- 10.2 Stjórn getur á fundum kafið framkvæmdastjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem stjórn eru nauðsynleg til að ráðið geti sinnt verkefnum sínum, sbr. þó ákvæði 10.3 og 10.4 í reglum þessum. Stjórn á rétt á að fá upplýsingar og gögn frá undirnefndum sínum.
- 10.3 Stjórnarmönnum er óheimilt að afla upplýsinga um einstaka viðskiptavinum í gegnum starfsmenn félagsins. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti skulu bornar upp í stjórn og skulu þær og svör við þeim kynnt öllum stjórnarmönnum á stjórnarfundum, en ekki einungis fyrir þeim stjórnarmanni sem bar upp fyrirspurnina. Skal bæði fyrirspurn og svör við henni bókuð í fundargerð stjórnar. Framkvæmdastjóri annast milligöngu um að afla svara við fyrirspurnum um einstök mál.
- 10.4 Upplýsingar frá framkvæmdastjóra og undirnefndum til stjórnar þurfa að vera á því formi og af þeim gæðum sem stjórn ákveður. Upplýsingar og gögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundum, og á milli þeirra, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingarnar. Upplýsingar skulu vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er hverju sinni.
- 10.5 Skýrsla stjórnar skal fylgja ársreikningi ár hvert. Í skýrslunni skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Í skýrslu stjórnar skal enn fremur fjallað um mikilvæg atriði sem orðið hafa eftir lok reikningsárs og framtíðarhorfur félagsins.

11. gr. Hagsmunatengsl og vanhæfi

- 11.1 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar viðskipti náinna fjölskyldumeðlima þeirra. Sama gildir enn fremur um mál er varðar samkeppnisaðila stjórnarmanna eða samkeppnisaðila náinna fjölskyldumeðlima þeirra. Þegar stjórnarmaður tekur sæti í stjórn félagsins skal hann gera grein fyrir þeim aðilum sem teljast venslaðir honum. Verði breytingar á lista yfir venslaða aðila einhvers stjórnarmanna skal stjórnarmaður tilkynna um þær breytingar.
- 11.2 Teljist stjórnarmaður vanhæfur vegna atvika sem getur í grein 11.1, skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu þess máls. Enn fremur skal hann víkja af fundum við umræður og afgreiðslu málsins. Formaður stjórnar getur ákveðið að einstakir stjórnarmenn geti ekki fjallað um mál vegna vanhæfis. Jafnframt getur framkvæmdastjóri og einstakir stjórnarmenn, ákveðið að einstakir stjórnarmenn, þar með talinn formaður stjórnar, geti ekki fjallað um mál vegna vanhæfis. Verði ágreiningur um vanhæfi stjórnarmanns ræður meirihluti stjórnar. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum.
- 11.3 Stjórnarmenn og varamenn þeirra mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart félaginu.
- 11.4 Viðskiptaerindi stjórnarmanna og lögaðila sem þeir eru í fyrirsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar. Stjórn og framkvæmdastjóra er óheimilt að eiga viðskipti við

félagið að öðru leyti en því sem leiðir af ráðningarsamningi eða reglum þessum. Framangreindir aðilar mega þó án sérstaks samþykkis stjórnar eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- og fjárfestingarsjóða félagsins enda séu þau á viðskiptakjörum sem standi öðrum viðskiptavinum til boða. Um viðskipti með hlutdeildarskírteini samkvæmt þessari grein gilda reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna og stjórnarmanna félagsins.

- 11.5 Stjórn félagsins og aðrir þeir sem hafa heimild til að koma fram fyrir þess hönd mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

12. gr. Venslaðir aðilar og viðskipti þeirra

- 12.1 Með vensluðum aðilum er átt við sömu aðila og teljast tengdir aðilar hjá almennum félögum samkvæmt lögum um ársreikninga og reikningsskilastaðli IAS 24. Fylgjast skal sérstaklega með viðskiptum sjóða Landsbréfa eða félagsins sjálfs við venslaða aðila í því skyni að tryggja að viðskipti milli þeirra séu ávallt á armslengdargrunni. Til venslaðra teljast:

- a) Aðal- og varamenn í stjórn, framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra, og nánir fjölskyldumeðlimi þessara aðila. Með nánum fjölskyldumeðlimum er einkum átt við maka, börn og foreldra.
- b) Hliðstæðir aðilar í móðurfélagi og/eða vörslufélagi tengdum félögum.
- c) Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti 5% eignarhlut eða stærri í Landsbréfum eða móður- og/eða vörslufélagi Landsbréfa.
- d) Eigi hluthafi skv. c-lið með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarhlut í fyrirtæki, þá telst það fyrirtæki venslaður aðili.
- e) Eigi aðilar skv. a) og b) lið með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% eignarhlut í fyrirtæki, þá telst það fyrirtæki til venslaðra aðila.
- f) Lögaðili þar sem einstaklingar skv. a) og b) lið eru lykilstarfsmenn eða stjórnarmenn hjá, telst venslaður aðili enda hafi viðkomandi einstaklingur ráðandi áhrif á ákvarðanatöku með möguleg viðskipti við Landsbréfa á grundvelli stöðu sinnar. Lögaðili telst ekki venslaður Landsbréfum á þeirri forsendu einni að félögin hafi sameiginlegan stjórnarmann heldur einungis ef viðkomandi stjórnarmaður telst hafa ráðandi stöðu í þessu samhengi.

- 12.2 Ef vafi er uppi um hvort aðili teljist venslaður aðili skal litið til ákvæða reikningsskilastaðals IAS 24 og hvort ástæða sé til að ætla viðkomandi eða aðilar honum tengdir geti notið aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptamenn Landsbréfa. Til venslaðra aðila geta einnig talist aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið metur að eigi beinna og skyldra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Landsbréfa, sbr. 2. gr. reglna nr. 247/2017, um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila.

- 12.3 Með viðskiptum er átt við allar fjárfestingar þar sem venslaði aðilinn er útgefandi fjármálagerninga sem og innlán hjá móður- og/eða vörslufélagi. Ennfremur telst til viðskipta öll eignayfirfærsla sem á sér stað frá móðurfélagi til félagsins.

- 12.4 Rökstyðja skal viðskipti við venslaða aðila og skulu upplýsingar um það hvort og þá hvaða önnur sambærileg viðskiptatækifæri voru skoðuð.

- 12.5 Félagið skal halda utan um tilboð um kjör í innlán sem sjóðum félagsins bjóðast. Halda þarf skrá um slík tilboð í 24 mánuði eftir að þau berast félaginu.

- 12.6 Framkvæmdastjóri skal leggja fyrir innri endurskoðanda, í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010, með reglubundnum hætti að fara yfir viðskipti við venslaða aðila, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu. Ásamt því að athuga hvort viðkomandi fjárfestingar falli undir fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóða í rekstri félagsins. Senda skal skýrslur innri endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins og jafnframt skal innri endurskoðandi koma á fund stjórnar og kynna skýrslu sína.
- 12.7 Félagið skal einnig leggja fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fjárfestingar í vensluðum aðilum og bera þau saman við sambærilegar fjárfestingar í öðrum aðilum og gefa rökstutt álit meðal annars m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi aðila. Endurskoðandi skal geta þess í skýrslu sinni um hvaða samanburðaraðila er að ræða í hvert sinn. Skýrslur ytri endurskoðenda skulu sendar Fjármálaeftirlitinu þegar þess er óskað af eftirlitinu og eins ef slíkt er skylt að lögum.

13. gr. Gerð og undirritun ársreiknings o.fl.

- 13.1 Framkvæmdastjóri semur drög að ársreikningi.
- 13.2 Ársreikningur félagsins skal lagður fyrir stjórn til afgreiðslu og skal stjórn ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn enda telji hún að hann gefi rétta mynd af starfsemi félagsins og fullnægjandi skýringar hafi fengist á öllum atriðum hans. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.
- 13.3 Stjórn skal sjá til þess að árlega sé birt yfirlýsing um stjórnarhætti félagsins fyrir nýliðið starfsár í sérstökum kafla í ársreikningi félagsins eða ársskýrslu þess.
- 13.4 Ársskýrsla og ársreikningur eru síðan lögð fyrir aðalfund.

14. gr. Breytingar á reglum stjórnar

- 14.1 Einungis stjórn getur gert breytingar á reglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Reglurnar skulu yfirfarnar a.m.k. árlega.

15. gr. Varsla og meðferð

- 15.1 Frumrit reglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan geyma með fundargerðum félagsins.
- 15.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn við setningu reglna þessara skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á reglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar reglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.
- 15.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af þessum reglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Framangreindar reglur um stjórn og starfsreglur stjórnar Landsbréfa hf. eru settar samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og 2. mgr. 15. gr. samþykka félagsins og öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Landsbréfa hf. 15. júní 2017 og yfirfarið og staðfest af stjórn með vísan til greinar 14.1 á fundi stjórnar þann 19. júní 2018.